

6. gr.

Einungis er heimilt að stunda loðnuveiðar með nót nema að fengnu sérstöku leyfi ráðuneytisins.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið, að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall smærri loðnu en 14 cm yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjúnuoddi að sporðsenda.

7. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. júní 1998.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Snorri Rúnar Pálmason.

REGLUGERÐ

um karfaveiðar fiskiskipa frá Evrópusambandinu í fiskveiðilandhelgi Íslands 1998.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til karfaveiða fiskiskipa frá Evrópusambandinu í efnahagslögsögu Íslands á tímabilinu 1. júlí - 31. desember 1998.

2. gr.

Aðeins þeim fiskiskipum sem fengið hafa sérstakt leyfi Fiskistofu er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Evrópusambandið skal sækja um leyfi fyrir hvert skip á sérstöku eyðublaði eins og gert er ráð fyrir í viðbæti 1 við Niðurstöðu fiskimálaviðræðna milli Íslands og Evrópusambandsins frá 20. - 21. október 1997.

Verksmiðjuskipum verður ekki veitt leyfi til veiða. Skip, sem aðeins slægja og frysta fiskinn um borð, teljast ekki verksmiðjuskip.

3. gr.

Á tímabilinu 1. júlí - 31. desember 1998 er skipum Evrópusambandsins sem veiðileyfi fá skv. 2. gr. heimilt að veiða allt að 3000 lestum af karfa. Meðafli sem fæst við karfaveiðarnar reiknast til þess kvóta. Ef einhver þorskur veiðist eða meðafli, annar en langhali, verður meiri en 10% aflans í einhverju hali, getur eftirlitsmaður Fiskistofu krafist þess að veitt verði annars staðar á hinu afmarkaða svæði, sbr. 4. gr. Íslensk stjórnvöld skulu upplýsa Evrópusambandið þegar meginhluti leyfðs heildarafla hefur verið veiddur. Þegar leyfilegur heildarafla hefur verið veiddur stöðva íslensk stjórnvöld veiðarnar.

4. gr.

Skipum frá Evrópusambandinu sem leyfi fá til veiða samkvæmt 2. gr. er aðeins heimilt að veiða á tveim svæðum í fiskveiðilandhelgi Íslands og markast þau af línnum sem dregnar eru á milli eftirfarandi punkta:

I. Suðvestur svæði

1. 63°12'N - 23°05'V, þaðan suðvestur um 62°00'N - 26°00'V að mörkum efnahagslögsögunnar.
2. 62°58'N - 22°25'V.
3. 63°06'N - 21°30'V.
4. 63°03'N - 21°00'V, þaðan í 180°.

II. Suðaustur svæði

1. 63°14'N - 10°40'V.
2. 63°14'N - 11°23'V.
3. 63°35'N - 12°21'V.
4. 64°00'N - 12°30'V.
5. 63°53'N - 13°30'V.
6. 63°36'N - 14°30'V.
7. 63°10'N - 17°00'V, þaðan í 180°.

5. gr.

Aldrei skulu fleiri en 5 fiskiskip vera við veiðar í efnahagslögsögu Íslands samtímis, þar af aldrei fleiri en þrjú á hvoru svæði, sbr. 4. gr. Til að tryggja framkvæmd þessarar reglu veitir Landhelgisgæsla Íslands upplýsingar um það hve mörg skip stundi veiðar á hvoru svæði. Landhelgisgæslu Íslands skal ætíð tilkynnt fyrirfram ef fiskiskip hyggst flytja sig milli veiðisvæða.

6. gr.

Óheimilt er fiskiskipum að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands nema eftirlitsmaður frá Fiskistofu sé um borð í skipinu.

Hyggist útgerð senda skip til veiða í efnahagslögsögu Íslands skal hún tilkynna Fiskistofu þá fyrirætlan og hvenær veiðar muni hefjast. Fiskistofa skal, svo fljótt sem mögulegt er, tilkynna hvar eftirlitsmaður muni koma um borð í skipið.

Útgerð skipsins getur óskað eftir því að eftirlitsmaðurinn komi um borð eða fari frá borði þar sem skipið leggur úr höfn eða í einhverri af þeim höfnum sem skráðar eru í viðbæti 2 við Niðurstöður fiskimálaviðræðna Íslands og Evrópusambandsins frá 20. - 21. október 1997. Skal ósk um eftirlitsmann komið til Fiskistofu með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

7. gr.

Eftirlitsmaður Fiskistofu skal fylgjast með veiðum og tryggja að farið sé að öllum reglum sem í gildi eru hverju sinni um veiðar í efnahagslögsögu Íslands. Hann skal og veita íslenskum yfirvöldum upplýsingar um veiðarnar.

Eftirlitsmaður Fiskistofu skal ekki búa við lakari skilyrði um borð en yfirmenn skipsins. Hann skal hafa alla þá aðstöðu sem hann þarf til að sinna skyldum sínum, þ.m.t. óhindraðan aðgang að fjarskiptatækjum til embættiserinda og öllum athafnasvæðum og skjölum um borð í skipinu.

Útgerð skipsins skal greiða eftirfarandi kostnað vegna eftirlitsmanns Fiskistofu um borð í fiskiskipi: Ferðakostnað til og frá þeirri höfn þar sem eftirlitsmaður kemur um borð eða fer frá borði, upphald og launakostnað, sem nemur 140 ECU hvern dag sem eftirlitsmaður er um borð auk tveggja daga til ferðalaga. Krefjast má bankaábyrgðar eða fyrirframgreiðslu.

8. gr.

Áður en skip kemur inn í efnahagslögsögu Íslands skal tilkynna Landhelgisgæslunni um fyrirhugaðar veiðar með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

9. gr.

Skip sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi skal koma fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Afli síðasta sólarhrings eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

10. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í efnahagslögsögu Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokutilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Afli síðan síðasta aflatilkynning var send.

11. gr.

Áður en skip heldur út úr efnahagslögsögu Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

12. gr.

Sé skip með afla um borð við komu inn í efnahagslögsögu Íslands skal honum landað á Íslandi og hann vigtaður í samræmi við íslenskar reglur áður en veiðar hefjast í íslenskri lögsögu.

Þegar skip yfirgefur efnahagslögsögu Íslands eftir að hafa stundað þar veiðar og áður en það hefur veiðar á öðrum miðum skal það annað hvort landa aflanum á Íslandi og vigta hann í samræmi við íslenskar reglur eða á fiskmörkuðum sem hafa verið viðurkenndir af íslenskum yfirvöldum, sbr. viðbæti 3 við Niðurstöður fiskimálaviðræðna Íslands og Evrópusambandsins frá 20. - 21. október 1997.

13. gr.

Opinber samskipti við Landhelgisgæslu Íslands skulu fara fram á ensku. Sama gildir um samskipti eftirlitsmanns Fiskistofu við skipstjóra eða fulltrúa hans nema um annað hafi verið samið.

14. gr.

Fiskiskip skulu hlíta öllum þeim ákvörðunum sem lúta að verndun fiskistofnanna, þar með töldum lokunum veiðisvæða. Hafrannsóknastofnunin mun tilkynna fiskiskipum sem eru að veiðum í efnahagslögsögu Íslands fyrirfram um lokanir veiðisvæða.

Lágmarksmöskvastærð í vörpu skal vera 135 mm. Um mælingar á möskvum, klæðningar á vörpu og styrktarnet gilda sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip.

Í afladagbók sem skal vera innbundin með númeruðum síðum og í tvíriti skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: Afl skips, skráningarnúmer og kallmerki. Fyrir hvert kast skal skrá staðsetningu, dagsetningu og tíma þegar vörpunni er kastað og afla í hverju kasti í lestum. Einnig skal skrá heildarafla á sólarhring í efnahagslögsögu, stærð vörpu og möskvastærð. Skipstjóri skal undirrita hverja síðu afladagbókarinnar. Starfsmönnum Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu skal sýnd afladagbók, sé þess óskað.

15. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfum til veiða innan efnahagslögsögunnar brjótí útgerð skips, áhöfn eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa gegn reglugerð þessari.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. júní 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.